

Ed.

758. Nefndarálit

[186. mál]

um frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Frá 3. minni hl. menntamálanefndar.

Ég er andvígur þessu frumvarpi af eftirfarandi ástæðum:

1. Með frumvarpinu er lagt til að auka mjög kröfur til menntunar barnakennara, nánar tiltekið þannig, að í stað fjögurra ára skólanáms að loknu landsprófi komi sjö ára skólanám, þar af þrjú síðustu árin í háskóla. Þetta mikla stökk, sem á sér enga hliðstæðu í skólakerfi okkar, hlyti að leiða af sér margs konar örðugleika og misræmi í framkvæmd. Menntun barnakennara á að auka á þróunargrundvelli, en ekki með stökkbreytingum. Þá verður að líta á það sem brúðl og óþarfa að nota starfskrafta háskólagenginna manna til þess að kenna börnum lestur, skrift og reikning.
2. Í frumvarpinu er kveðið á um stofnun nýs háskóla hér á landi, svonefnds Kennaraháskóla Íslands, er hafi það hlutverk að annast fullnaðarmenntun barnakennara. Fámenn þjóð eins og Íslendingar hefur ekkert með tvo háskóla að gera, að minnsta kosti ekki næstu áratugina. Háskóli Íslands getur með góðu móti séð um alla kennaramenntun, sem fram þarf að fara á háskólastigi hér innanlands.
3. Samþykkt frumvarpsins mundi kosta mikil fjárútlát fyrir ríkissjóð. Þessum fjármunum væri að minni hyggu betur varið til margra annarra hluta. Ég legg til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 31. marz 1971.

Jón Þorsteinsson.